



Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Tjarnargötu 9
101 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 15. febrúar 2024

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu). Þingskjal 603 — 521. mál.

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS eða samtökin) hafa tekið til umsagnar *Frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu)*.


Í frumvarpinu er lagt til að grásleppa verði hlutdeildarsett og að aflahlutdeild einstakra skipa skuli ákveðin með tilliti til aflareynslu sem fengin hafi verið á grundvelli leyfis sem skráð er á viðkomandi skip á tilteknu tímabili. Þá er lagt til að aflaheimildir í grásleppu verði svæðisskiptar. Að auki er lagt til að framsal aflaheimilda verði eingöngu heimilt innan tiltekinna svæða og að framsal milli svæða verði óheimilt. Af þessu tilefni vilja samtökin koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum er varðar veiðistjórn grásleppu.

Almennt er það afstaða samtakanna að hlutdeildarsetning sé rétt nálgun gagnvart fiskveiðistjórnun nytjastofna á Íslandsmiðum. Samtökin telja nauðsynlegt að hugað sé að breytingum á stjórn grásleppuveiða. Ef farin verður sú leið sem lagt er til í þessum áformum verður að huga að því, áður en lengra er haldið, að slík framkvæmd hamli ekki öðrum veiðum þar sem grásleppa hefur verið hluti aflans. Síðastliðin fiskveiðiár hefur það magn grásleppu sveiflast frá 50 tonnum upp í 150 tonn samkvæmt aflaskráningu Fiskistofu. Mikilvægt er að allur grásleppuafli sem berst á land úr öllum veiðum, m.a. uppsjávarveiðum, rúmist innan slíkrar framkvæmdar og leyfilegs heildarafla hvers árs. Úr þessu þarf að leysa áður en lengra er haldið.

* * *

Samtökin áskilja sér jafnframt rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllst,
f.h. SFS


Heiðmar Guðmundsson lögfr.